

UM HELGINA

Kjarvalsstaðir

Gler, olía, teikningar

Prjár sýningar opnaðar um helgina og sú fíðra í Norraena húsinu

Á morgun, laugardag kl. 14, verða opnaðar þrjár sýningar að Kjarvalsstöðum. Þar gefst fólk tækifæri til að skoða glerlist, skulptúra, teikningar, olíumálverk, vatnslitamyndir, málaðar ljósmyndir og fleira.

Þegar blaðamann bar að garði í gær var mikið umstang á Kjarvalsstöðum og verið að hengja eða stilla upp listaverkum um allt hús. Í vestursal var Kjartan Guðjónsson að störfum. Hann ætlar að sýna 71 verk, mest olíumálverk en einnig vatnslitamyndir.

„Petta er fimmta einkasýningin míni, ég hef verið heldur tregur við að sýna en þó hef ég færst í aukana í elliinni. Undanfarin ár hef ég mest sýnt grafík en nú sleppi ég henni alveg. Hvað ég er að fást við? Aðallega sjávarlif og kvenfólk. Ég er ekki bestur til að dæma um hvort eitthvað hefur breyst hjá mér, það er hlutverk gagnrýnenda. Og þó, ég er ekki frá því að litirnir hafi breyst. Pað

fylgir kvenfólkini, það hefur heitari liti“, sagði Kjartan Guðjónsson.

I hinum endanum, þe. austursal eða Kjarvalssal, var Ólafur Lárusson búinn að breiða út á gólf aragrúúa af litlum myndum. „Ég sýni um 240 verk, langmest teikningar en líka geysistórar ljósmyndir sem ég mála inn á.“

Ólafur segist hafa verið í eitt ár að vinna upp í þessa sýningu. „Mestu afkastaði ég á tveimur mánuðum í fyrrasumar þegar ég dvaldi í listamiðstöðinni Sveaborg í Finnlandi. Sveaborg er eyja skammt frá Helsinki og þar er bjóðtruún mjög lifandi, fólk segir mikið af draugasögum og það er nokkuð almennt að fólk hafi séð drauga. Ég fór oft út á nóttni til að leita að draugum en fann enga. Hins vegar frétti ég af sánkri listakonu sem var þarna á undan mér og varð að fara heim því draugarnir gáfu henni engan frið, hún var hætt að geta sofið fyrir þeim. Pessar

draugasögur höfðu mikil áhrif á mig og þeirra sér stað í mörgum teikningum sem hér eru.“

Blaðamaður setur sig í listrænar stellingar og þykist eygja ýmis áhrif frá nýja málverkinu í myndum Olafs. „Já, það er ekkert undarlegt, ég hef orðið fyrir ýmsum áhrifum. Þó má segja að þessar myndir séu í rökréttu samhengi við það sem ég hef verið að fást við, ég var td. mikið í gjörningum á sínum tíma og þessar myndir eru flestar gerðar í augnabliksupplifunum“, sagði Ólafur.

A göngunum á milli þeirra Ólafs og Kjartans voru glerlistarmenn að störfum. Glerbrot 85 nefnist sýning níu íslenskra glerlistarmanna og er þetta fyrsta íslenska samsýningin á verkum sem unnin eru úr gleri. Parna eru allskonar verk, gluggar, skálar, veggmyndir, skulptúrar og í það minnsta einn regnbogi.

Peir sem sýna eru Brynhildur Porgeirs dóttir, Leifur Breiðfjörð, Lísbet Sveinsdóttir, Pía Rakel Sverrisdóttir, Rúrí, Sigríður Ásgeirs dóttir, Sigrún Ölöf Einarsdóttir, Steinunn Pórarinarsdóttir og Sören Staunsager Larsen sem raunar er danskur en búsettur á Kjalarnesinu.


Vafalaust má greina áhrif víða að því að listamennir eru menntaðir víða um lönd, bæði austan hafs og vestan.

Pessi sýning á Kjarvalsstöðum tengist annari glerlistarsýningu sem opnuð verður í Norraena húsinu í dag. Þar gefur að líta um 200 glermuni eftir upph. 50 glerlistarmenn frá öllum Norðurlöndum um.


Báðar eru svo þessar sýningar tengdar fimmstu norrænu glerlistarráðstefnunni sem hófst í gær hér í Reykjavík en hún stendur til 15. maí. Svona ráðstefnur og sýningar í tengslum við þær hafa áður verið haldnar á hinum Norðurlöndum en þetta er í fyrsta sinn sem Reykjavík hýsir slíka starfsemi.

Sýningarnar á Kjarvalsstöðum verða opnar frá kl. 14-22 daglega fram til 27. maí en sýningin í Norraena húsinu er opin daglega frá kl. 14-19 fram til 26. maí.


- PH




Kjartan Guðjónsson: Litirnir verða heitari með tilkomu kvenfólkins. Mynd: Valdís.



Rúrí var að fást eitthvað við láréttan regnboga úr gleri. Mynd: Valdís.



Ólafur Lárusson: Leitaði að draugum, fann enga en setti þá samt á pappír. Mynd: Valdís.



Kristján Fr. Guðmundsson opnaði í síðustu viku málverkasýningu í Innrømmun Sigurjóns, Ármúla 22 hér í borg. Petta er önnur einkasýning Kristjáns en hann var um árabil málverkasali við Týsgötuna. Sýningin verður opin virka daga frá kl. 9-18 fram til 15. maí. Mynd: Valdís.



Björg Órvar í Nýlistasafni

Ikvöld, föstudag kl. 20, opnar Björg Órvar sýningu á málverkum í Nýlistasafnini við Vatnsstíg. Að loknu námi við Myndista- og handíðaskólanum hélt Björg til Davis í Kaliforníu þar sem hún nam við listadeild Kaliforníuháskóla á árunum 1981-83.

Petta er önnur einkasýning Bjargar hér á landi en í haust sýndi hún mónóþrykk á Gallerii Borg. Að þessu sinni ræður olían ríkjum en flest málverkin eru málúð á þessu ári. Sýning Bjargar verður opin frá kl. 16-22 daglega fram til 19. maí.

- PH